

## Reglur fyrir Auðlindaréttarstofnun við lagadeild Háskólans í Reykjavík

1. gr.

### *Almennt*

Auðlindaréttarstofnun er rannsóknar- og fræðslustofnun sem starfrækt er af Háskólanum í Reykjavík og heyrir undir lagadeild.

2. gr.

### *Hlutverk*

Hlutverk stofnunarinnar er einkum að,

- vera vettvangur fyrir fræðilegar rannsóknir í auðlindarétti.
- vera miðstöð þekkingar á sviði auðlindaréttar.
- veita fræðslu í auðlindarétti til stúdenta Háskólans í Reykjavík.
- veita þjónustu og ráðgjöf um lagaleg atriði er varða nýtingu og vernd náttúruauðlinda.

3. gr.

### *Aðstaða*

Háskólinn í Reykjavík lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

4. gr.

### *Forstaða*

Forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík ræður forstöðumann stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar. Hann skal eiga frumkvæði að stefnumótun og þróun. Hann skal að höfðu samráði við fagråd stofnunarinnar marka henni stefnu til fjögurra ára í senn. Stefnumótunin skal endurskoðuð árlega og lögð undir deildarfund í lagadeild Háskólans í Reykjavík til samþykktar.

5. gr.

### *Fagråd*

Fagråd sérfræðinga á sviði auðlindamála skal vera stofnuninni til ráðgjafar um stefnumörkun og einstaka þætti í starfsemi stofnunarinnar, s.s. einstök verkefni og rannsóknir sem stofnunin vinnur að. Fagráðið skal skipað a.m.k. 5 mönnum sem hafa víðtæka þekkingu á auðlindamálum og/eða réttarsviðum sem tengjast auðlindarétti.

Forstöðumaður stofnunarinnar skal gera tillögu um skipan ráðsins til deildarforseta lagadeildar Háskólans í Reykjavík sem tekur ákvörðun um skipanina að höfðu samráði við deildarfund. Fagráðið skal að jafnaði halda fund einu sinni á hvorri skólaönn (vorönn og haustönn). Forstöðumaður getur einnig ráðfært sig við fagráðið eða einstaka meðlimi þess utan reglulegra funda.

6. gr.

*Fjármál*

Tekjur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- a. framlag frá lagadeild,
- b. almennir styrkir eða til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og ríkisframlög.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Fjárhagsáætlun hennar skal vera hluti af fjárhagsáætlun lagadeildar, nema framkvæmdastjórn skólans ákveði annað.

Þannig samþykkt á deildarfundum lagadeildar 11. mars 2009  
Reglurnar taka þegar gildi.